

Ed.

82. Frumvarp til laga

um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Til þess að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar skal bæjarstjórn heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannaeyjahafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal upphæð gjaldsins, innheimta og annað, er þurfa þykir, ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðherra staðfestir.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu á land í Vestmannaeyjum.

Gjald þetta má taka lögtaki.

Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Í nokkur undanfárin ár hefir Vestmannaeyjakaupstaður notið nokkurra tekna af vörugjaldi, sem heimilað hefir verið að leggja á og var upphaflega gert með breyting á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Þótt ekki hafi náðst almennt samkomulag á Alþingi um að leyfa bæjar- eða sveitarfélögum að afla sér tekna með vörugjöldum, hefir þingið þó jafnan fallið á að heimila Vestmannaeyjakaupstað þessa tekjuöflun, aðallega vegna þess, að gjald þetta greiðist einvörðungu af Vestmannaeyingum sjálfum, en snertir ekki aðra landsmenn.

Á síðasta þingi var ný löggjöf sett um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna og þar með felld úr gildi ýms eldri laga- fyrirmæli um tekjuöflun bæjarfélaga, þar á meðal nefnd lög, nr. 23 frá 15. júní 1926. Í staðinn eiga nú að koma úthlutanir fjár úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga ásamt hækkuðum fasteignaskatti.

Við eftirgrennslan hefir það komið í ljós, að þrátt fyrir það, þó til standi að greiða úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga á þessu ári 313700 kr. til jöfnunar fátækraframfæri til ýmissa kaupstaða og kauptúna landsins fyrir árið 1936, er ekki gert ráð fyrir, að Vestmannaeyjakaupstaður fái einn eyri af því fé. Skiptingin fer fram eftir hinum einkennilegu reglum VIII. kafla framfærslulaganna, nr. 135 31. des. 1935. Þrátt fyrir það, þótt meðalfátækraþyrði Vestmannaeyja sé litlu minni en Hafnarfjarðar, og miklu meiri en Ísafjarðar, samkvæmt þeirri skýrslu, er í fyrra fylgdi frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, fá báðir hinir síðartöldu kaupstaðir marga tugi þúsunda úr jöfnunarsjóði, en Vestmannaeyjar ekkert, eins og áður segir. Fyrir utan Reykjavík er Vestmannaeyjakaupstaður eini kaupstaðurinn, sem alveg fer varhluta af þessu fé fyrir umrætt ár.

Af þessu er það sýnt, að ekki má svipta þetta bæjarfélag þeim litlu tekjum, sem það hefir haft af vörugjaldinu, ef ekki eiga af að hljótaskast meiri fjárhagsleg vandræði en bæjarfélagið fær við ráðið.